

auðnaðist ekki að stöðva bifreið sína, áður en áreksturinn varð.

Samkvæmt því, er nú hefur verið sagt, ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu. Samkvæmt 1. mgr. 177. greinar laga nr. 85/1936 þykir eiga að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 2.500.00.

Pór Vilhjálmsson, dómari samkvæmt sérstakri umboðsskrá, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Magnús Magnússon, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Sigurjóns Sigurbjörnssonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 2.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 17. febrúar 1969.

Nr. 17/1968. **Norðurleið h/f**

(Gunnar M. Guðmundsson hrl)

gegn

Magnúsi Guðlaugssyni og gagnsök

(Árni Gunnlaugsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 7. febrúar 1968. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og hér fyrir dómi.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 14. maí 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 16. apríl s. á. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 35.191.00 með 6% ársvöxtum frá 30. október 1965 til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er rækilega lýst í héraðsdómi. Eins og þar er rakið, var frambrún umræddrar klukku í lóðléttri línu miðað við gangstéttarbrún, og hæð hennar yfir götuyfirborð var 2.90 m. Þessi staðsetning klukkunnar var óforsvaranleg, þegar þess er gætt, að vænta mátti, að um götuna færu ökutæki allt að 3.80 m á hæð. Samkvæmt þessu og þar sem eigi er í ljós leitt, að ökumaður R 4721 hafi sýnt af sér ógætni í akstri sínum í umrætt sinn, er aðaláfrýjandi eigi fébótaskyldur vegna skemmda þeirra, sem á klukkunni urðu. Ber því að sýkna hann af kröfum gagnáfrýjanda.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Norðurleið h/f, skal vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Magnúsar Guðlaugssonar, í máli þessu.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. nóvember 1967.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. október 1967, hefur stefnandi, Magnús Guðlaugsson úrsmiður, Mánagötu 3, Hafnarfirði, höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, útgefinni 2. apríl 1966, á hendur Norðurleið h/f, Reykjavík, til greiðslu á skuld að fjárhæð kr. 35.209.00 auk 1% vaxta á mánuði eða broti úr mánuði frá 30. október 1965 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu eftir mati réttarins. Á hendur réttargæzlustefnda eru ekki gerðar sjálfstæðar dómkröfur.

Stefndi krefst sýknu og að stefnandi verði dæmdur til þess að greiða málskostnað að skaðlausu eftir mati dómara. Til vara er krafist lækkunar á fjárhæð stefnukröfunnar og að málskostnaður falli niður. Að tilhlutan dómsins var málið endurupptekið þann 23. október 1967. Voru þá ýmis ný skjöl lögð fram. Við munnlegan málflutning lækkaði stefnandi kröfu sína niður í kr.

35.191.00, en aðrar kröfur hans voru óbreyttar. Stefndi lýsti því yfir, að hann vefengdi ekki kröfu stefnanda tölulega, en mót-mælti skaðabótaskyldu stefnda. Að öðru leyti voru kröfur hans óbreyttar.

Málsatvikum er þannig lýst í stefnu og greinargerð:

Laugardaginn 10. apríl 1965 um kl. 1245 ók langferðabifreiðin R 4721 austur Strandgötu í Hafnarfirði. Ökumaður bifreiðarinnar var Jón Gestsson, Lækjarkinn 10, Hafnarfirði. Þegar bifreiðin kom á móts við verzlun stefnanda, mætti hún stórrí kranabifreið og sveigði þá alveg upp að gangstéttinni. Um leið og bifreiðin rann fram með verzluninni, rakst yfirbygging hennar í strætis-klukku, er fest var utan á húsið nr. 19 við Strandgötu. Við höggið eygðilagðist klukkan algerlega.

Umrædd klukka var eign Alpina Union Horlogere SA, og kveðst stefnandi vera ábyrgur fyrir henni og skyldur til þess að setja upp nýja klukku á sinn kostnað, þar sem klukkan gegndi auglýsingarhlutverki fyrir hið erlenda firma. Stefnukrafan er kostnaðarverð nýrrar klukku, er kaupa varð í stað þeirrar, sem eyðilagðist.

Í skýrslu hjá lögreglunni í Hafnarfirði skýrir stefnandi þannig frá atvikum: Laugardaginn 10. apríl 1965 kl. 1245 var hann staddur í verzlun sinni í Strandgötu 19. Heyrði hann þá brothljóð fyrir utan húsið og leit út. Kom þá í ljós, að klukka, sem er utan á húsinu, hafði brotnað, og sá hann á eftir langferðabifreið, sem nam staðar þar skammt frá. Hann kveðst hafa haft tal af öku-manni hennar, sem viðurkenndi að hafa ekið á klukkuna og kvaðst mundu gefa tryggingafélagi bifreiðarinnar skýrslu um atburðinn. Nokkru seinna kom svo skoðunarmaður frá Vátryggingafélaginu h/f og skoðaði skemmdirnar. Þegar stefnandi svo síðar framvísaði reikningi fyrir skemmdunum, neitaði félagið greiðslu.

Ökumaður bifreiðarinnar, Jón Gestsson, hefur skýrt svo frá atvikum í skýrslu til Vátryggingafélagsins h/f. Hann kveðst hafa ekið upp Linnetsstíg að Strandgötu. Er að gatnamótunum kom, stöðvaði hann bifreiðina, er stór kranabifreið kom á móti honum. Kranabifreiðin nam einnig staðar, og gaf ökumaður hennar honum merki um að halda áfram. Þar sem þröngt var á götunni, varð hann að aka alveg að gangstéttarbrún. Er hann ók meðfram húsinu Strandgötu 19, rakst afturendi bifreiðarinnar í klukku, sem fest var á horn hússins. Hann staðhæfir að hafa ekki ekið upp á gangstéttarbrúnina.

Stefnandi reisir bótakröfu sína á 1. mgr. 69. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, sbr. 1. mgr. 67. gr. þeirra laga. Hann bendir á, að klukka sú, sem hér um ræðir, hafi verið sett upp fyrir ca. ári. Lögreglan hafi aldrei fundið að staðsetningu hennar og í lög-reglusamþykkt bæjarins séu engin ákvæði, er banni staðsetningu hennar. Allan þann tíma, sem klukkan hafi verið uppi, hafi aldrei borizt nein kvörtun út af því, að hún truflaði umferð eða hindraði, og ekki hafi hún heldur orðið fyrir neinu hnjaski af völdum umferðar á akbrautinni. Þetta sýni, að staðsetning klukkunnar sé ekki aðfinnsluverð.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að klukka sú, sem hér um ræðir, hafi ekki verið í nægilegri hæð frá götu. Óhjákvæm-ilega verði að gera þær kröfur til þeirra, sem hengja slíka hluti utan á hús, að þeir séu í hæfilegri hæð frá götu, sérstaklega þar sem um miklar umferðargötur er að ræða, svo sem Strandgötuna í Hafnarfirði, sem er aðalumferðargata þess kaupstaðar. Vísar hann í þessu sambandi til 66. gr., 5. mgr., umferðarlaga nr. 26/1958. Þá bendir hann á, að bifreiðarstjórinn hafi verið knúður til þess að aka alveg upp að gangstéttinni, þar sem hann var að mæta öðru farartæki, en við það kom nokkur halli á bifreiðina, svo að yfirbygging hennar snerti klukkuna. Bifreiðarstjórinn hafi ekki ekið upp á gangstéttina, en engin fyrirmæli séu til í umferðarlögum eða reglugerðum, sem banni akstur fast að gangstéttarbrún, ef nauðsyn ber til. Enn fremur bendir stefndi á, að ekki liggi fyrir í málinu leyfi réttra aðilja til staðsetningar klukkunnar.

Varakröfu sína reisir stefndi á því, að stefnufjárhæðin eigi að lækka verulega. Í fyrsta lagi sökum þess að ósannað sé, að klukkan hafi ónýtt. Telur hann, að unnt hefði verið að gera við klukkuna og eigi því stefnandi aðeins rétt til að fá greiddan viðgerðarkostnaðinn. Í öðru lagi hljóti það að valda lækkun stefnufjárhæðarinnar, að ný klukka kemur í stað gamallar.

Lagt hefur verið fram vottorð bæjarverkfræðings Hafnarfjarðar, þar sem fram kemur, að umrædd klukka sé í 2.90 m hæð yfir götuyfirborði, þar sem kantsteinn og gata mætast, en halli götuyfirborðs sé 1% frá miðju að kantsteini. Fremsta brún klukkunnar reyndist vera lóðrétt yfir neðri brún kantsteins, þegar hún var í sinni eðlilegu stöðu. Þá hefur verið lögð fram útlitsteikning af framhlið hússins Strandgötu 19. Dómarar ásamt málflutningsmönnum hafa farið á vettvang og skoðað allar aðstæður. Með-

fram gangstétt er rennusteinn ca. 23 cm á breidd, 4 cm á dýpt við götu og 7 cm við gangstéttarbrún.

Svo sem sjá má af uppdrætti og ljósmyndum, er húsið Strandgata 19 hornskakkt við götuna. Stefnandi hefur valið klukkunni stað á suðausturhorni hússins, sem nær lengst fram í gangstéttina.

Leggja verður til grundvallar mælingar bæjarverkfræðings Hafnarfjarðar, en samkvæmt þeim er klukkan í 2.90 m hæð yfir götufirborði, þar sem kantsteinn og gata mæstast. Í 3. mgr. 55. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 er hámarkshæð ökutækja ákveðin 3.8 m. Samkvæmt skýrslu lögreglunnar í Árnessýslu var hæð bifreiðarinnar 3.23 m. Ekki var með merkjum eða á annan hátt gefin nein sérstök fyrirmæli um hámarkshæð ökutækja, er fara mættu um Strandgötuna í Hafnarfirði, framar en segir í umferðarlögum. Stefnandi mátti því gera ráð fyrir umferð ökutækja, sem næðu þeirri hámarkshæð, sem leyfð er. Hann mátti einnig gera ráð fyrir, að þau atvik gætu skapast, að ökutækjum yrði nauðsyn að aka alveg að gangstéttarbrún.

Var því nauðsynlegt að staðsetja klukkuna, sem var í lóðréttri línu frá gangstéttarbrún, í þeirri hæð, að undir hana kæmust lögleyfð ökutæki, þótt þau yrðu að aka að gangstéttarbrún. Ekki voru sjáanleg nein tormeiki á því að staðsetja klukkuna ofar. Þar sem stefnandi staðsetti klukkuna aðeins 2.90 m frá götu, verður að telja, að hann beri að nokkru leyti áhættuna, sem því var samfara. Er hann því meðábyrgur á tjóni því, sem hann beið. Ekki verður talið, að máli skipti um ábyrgð stefnanda, hvort hann hafi fengið leyfi réttra aðilja til staðsetningar klukkunnar.

Hins vegar verður ekki talið, að ökumaður bifreiðarinnar R 4721 hafi gætt þeirrar varúðar, sem honum bar, eins og á stóð. Ekki er nægilega í ljós leitt, að honum hafi borið nauðsyn til þess að aka fast að gangstéttarbrún, en þótt svo hefði verið, bar honum að sýna sérstaka varkárni, er hann ók fram hjá klukkunni, þar sem honum mátti vera ljóst, að hún var í hættu vegna hinnar háu yfirbyggingar bifreiðarinnar.

Með hliðsjón af því, hvernig málsatvik liggja fyrir, þykir hæfilegt, að stefnandi beri sjálfur tjón sitt að $\frac{1}{2}$ hlutum, en stefndi bæti honum það að $\frac{1}{2}$ hlutum.

Að beiðni stefnanda voru þeir August Håkansson málarameisterari og Eyjólfur Sveinsson úrsmíðameistari dómkvaddir þann 9. nóvember 1966 til þess að meta skemmdir á umræddri klukku. August Håkansson gat vegna forfalla ekki framkvæmt matið, og

var þá Daníel Þorkelsson málarameisteri dómkvaddur í hans stað. Mat þeirra er dags. 3. febrúar 1967. Þar lýsa þeir yfir því, að viðgerð á klukkunni, þannig að hún verði sú sama og fyrir skemmdirnar, sé óframkvæmanleg hér á landi og að verðmæti klukkunnar í núverandi ástandi sé ekkert.

Hinn sérfróði dómari hefur kynnt sér ásigkomulag klukkunnar eftir skemmdirnar og telur viðgerð óframkvæmanlega og verðmæti hennar ekkert.

Stefnandi hefur lagt fram aðflutningsskýrslur og önnur skjöl til sönnunar innkaupsverði nýrrar klukku. Hefur lögmaður stefnda lýst því yfir, að hann vefengi ekki kröfu stefnanda tölulega. Þá er það skoðun hins sérfróða dómara, að verðmunur hinnar eyðilögðu klukku, sem aðeins var árgömul, og nýrrar klukku hafi engin áhrif til lækkunar kröfu stefnanda.

Samkvæmt þessu ber að leggja kröfu stefnanda til grundvallar í málinu, svo sem hún var fram sett í síðari flutningi málsins, eða kr. 35.191.00. Ekki þykja efni standa til að taka til greina kröfu stefnanda um vanskilavexti.

Niðurstaða málsins verður því sú, að dæma ber stefnda til þess að greiða stefnanda kr. 21.114.60 ásamt 6% ársvöxtum frá 30. október 1965 til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim tíma til greiðsludags og kr. 4.900.00 í málskostnað.

Dóm þennan kvað upp Kristján Jónsson borgardómari ásamt meðdómendum Hirti Björnssyni úrsmíðameistara og Guðmundi Skaptasyni viðskiptafræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, Norðurleið h/f, greiði stefnanda, Magnúsi Guðlaugssyni, kr. 21.114.60 ásamt 6% ársvöxtum frá 30. október 1965 til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim tíma til greiðsludags og kr. 4.900.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.